

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

LHG/084/9,6/DS/sig
Reykjavík 3. nóvember 2010

Efni: Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja, 18. mál, þskj. 18.

Landhelgisgæslan gerir eftirfarandi athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 10. gr. frumvarpsins segir að þrátt fyrir ákvæði 6. og 8. gr. og fyrri málsgreinar 9. gr. þessara laga sé heimilt að veita undanþágu fyrir friðsamlega umferð eða gegnumferð farartækja án óþarfa viðdvalar í eða á sjó eða í lofti á alþjóðlegum leiðum að því marki sem nauðsynlegt er til að fullnægja alþjóðlegum skuldbindingum. Slíkar undanþágur geti þó aldrei tekið til svæðisins innan 12 sjómílna marka og lofthelginnar þar upp af.

Ekki er kveðið á um hvaða stofnun getur veitt undanþágu. Mikilvægt er að sá sem veitir undanþágu hafi þekkingu á siglingum og eða flugi og geti metið í ljósi aðstæðna, með tilliti til veðurs, sjólags og fl. hvort ástæða er til að veita undanþágu m.a. í öryggisskyni. Vald til að veita undanþágu verður að vera í höndum stofnunar eða ráðuneytis sem er með vakt allan sólarhringinn þar sem neyðartilfelli geta komið upp öllum stundum. Undanþáguheimildir verða að vera mjög skýrar og afdráttarlausar. Landhelgisgæslan getur annast þennan þátt en hún er með stjórnstöð opna allan sólarhringinn þar sem siglingafróðir menn eru að störfum en stöðin er jafnframt björgunarstjórnstöð (JRCC-Ísland).

Það er alvarlegt ef lögin girða algerlega fyrir að hægt sé að veita undanþágu innan 12 sjómílna landhelgi og lofthelgi. Það getur t.d. verið hættulegt ef skip með geislavirkan úrgang fær ekki að koma inn fyrir 12 sjómílnur í neyð ef um bilun er að ræða eða slæmt veður. Það getur, svo dæmi sé nefnt, verið meiri hætta fólgin í því að vera með skip með geislavirkan úrgang rétt utan við 12 sjómílna mörkin þar sem hætta er á að gámar fari í sjóinn vegna slæms veðurs og sjólags heldur en að hleypa því inn fyrir 12 sjómílnur til að komast í var. Ísland er auk þess alþjóðlega skuldbundið til að veita afdrep og skjól og tryggja öryggi mannlífa. Sömu rök hljóta að eiga við um flug, þ.e. að flugvél sem lendir í neyð fái að lenda á íslensku yfirráðasvæði ef brýn nauðsyn krefur.


Mikilvægt er að lög þessi fari ekki í bága við alþjóðasamninga um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS), hafréttarsamninginn (UNCLOS), alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum (MARPOL) og fleiri alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að t.d. á sviði flugmála. Bjarni Már Magnússon hefur skrifað fróðlega grein um þetta efni í Tímarit lögfræðinga, 2. hefti 2009, en hún nefnist: **Friður og fælingarmáttur - er hægt að friðlýsa Ísland fyrir kjarnorkuvopnum?**

Hann hefur einnig skrifað netgrein í vefritið Deigluna undir heitinu „Friðlýsingarhugmyndir stangast á við hafréttarsamning SP”¹.

Í 14. gr. frumvarpsins segir að utanríkisráðherra skuli hafa samráð við Alþingi og utanríkismálanefnd um allar meiri háttar ákvarðanir sem tengjast framkvæmdinni. Spurningin er hvort undanþáguveitingar skv. 10. gr. teljist meiri háttar ákvarðanir? Ef svo er, þá myndi slíkt samráð vera alltof umfangsmikið og tímafrekt með tilliti til skipa og flugvéla sem eiga leið framhjá eða yfir Ísland þegar neyðartilfelli kemur upp. Þá verður að vera hægt að bregðast skjótt við því annars vinna lögin gegn hagsmunum þjóðarinnar. Of ströng framkvæmd laganna gæti valdið alvarlegu mengunarslysi sbr. það sem fjallað er um hér að framan í athugasemdum við 10. gr. frumvarpsins.

Í 14. gr. frumvarpsins segir að utanríkisráðherra geti falið samgönguráðherra, umhverfisráðherra eða öðrum ráðherrum, sem aðstæður kunna að mæla með, að fara með einstaka hluta framkvæmdarinnar í samráði við sig. Kunnugt er að samgönguráðherra verður innanríkisráðherra um áramótin. Einnig er spurning hvort þetta orðalag ákvæðisins kemur í veg fyrir að innanríkisráðherra geti falið, t.d. Landhelgisgæslunni að annast eftirlit og undanþáguveitingar. Heppilegt er ef heimilt er að kveða á um í reglugerð í hvaða tilfellum má veita undanþágur vegna flugs og siglinga.

F. h. Landhelgisgæslu Íslands,


Dagmar Sigurðardóttir
lögfræðingur.

¹ <http://deiglan.com/index.php?itemid=12593>